

BORGARRÁÐ 5. september 2019: Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að gjaldfrjálst verði að leggja í bílastæðahús á næturnar - R19090068

Bílastæðaskortur er vaxandi vandamál í miðborg Reykjavíkur. Íbúar borgarinnar finna fyrir þeim skorti en lítið bólar á úrræðum til úrlausnar á vandanum. Á sama tíma rekur Reykjavíkurborg 6 bílastæðahús með yfir þúsund bílastæðum. Bílastæðahúsin eru alls ekki nógu vel nýtt yfir daginn og notkun þeirra er enn minni á nóttinni. Gjaldskylda í bílastæði fellur niður á kvöldin en gjaldskylda er allan sólarhringinn í bílastæðahúsum. Til að stemma stigu við bílastæðavanda miðborgarinnar er því lagt til að það verði gjaldfrjálst að leggja í bílastæðahús á nóttinni, nánar tiltekið milli kl. 22:00 og kl. 8:00. Þannig er hægt að koma til móts við bílastæðavanda miðborgarinnar og auka notkun bílastæðahúsa. Þá er það einnig íbúum til góðs að leggja bílum sínum þar sem þeir njóta skjóls frá veðri og vindum.



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Þorsteinn R. Hermannsson

---

### ***Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins, gjaldfrjálst verði að leggja í bílastæðahús á næturnar - US190297***

Eftirfarandi tillögu Flokks fólksins í borgarráði, sem lögð var fram á fundi skipulags- og samgönguráðs, var vísað til umsagnar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar á umhverfis- og skipulagssviði:

*Bílastæðaskortur er vaxandi vandamál í miðborg Reykjavíkur. Íbúar borgarinnar finna fyrir þeim skorti en lítið bólar á úrræðum til úrlausnar á vandanum. Á sama tíma rekur Reykjavíkurborg 6 bílastæðahús með yfir þúsund bílastæðum. Bílastæðahúsin eru alls ekki nógu vel nýtt yfir daginn og notkun þeirra er enn minni á nóttinni. Gjaldskylda í bílastæði fellur niður á kvöldin en gjaldskylda er allan sólarhringinn í bílastæðahúsum. Til að stemma stigu við bílastæðavanda miðborgarinnar er því lagt til að það verði gjaldfrjálst að leggja í bílastæðahús á nóttinni, nánar tiltekið milli kl. 22:00 og kl. 8:00. Þannig er hægt að koma til móts við bílastæðavanda miðborgarinnar og auka notkun bílastæðahúsa. Þá er það einnig íbúum til góðs að leggja bílum sínum þar sem þeir njóta skjóls frá veðri og vindum.*

Í dag eru bílahús borgarinnar opin frá kl. 07:00-24:00 alla daga vikunnar. Ef ökumaður leggur í húsi kl. 22:00 að kvöldi og sækir rétt kl. 8:00 morguninn eftir þarf hann að greiða 1.050 kr. í Stjörnuportu og Vitatorgi en 1.320 kr. í Kolaporti, Vesturgötu, Ráðhúsi og Traðarkoti.

Nýting húsanna á þessum tíma er almennt lítil, 10-15% nýting ef langtímanotendur með mánaðarkort eru taldir með. Ef gjaldfrjálst verður í bílahúsin frá kl. 22:00 til kl. 08:00 má gróflega áætla að tekjur af rekstri þeirra dragist saman um 5-10 m.kr. á ári.

Ef hafa á bílahúsin opin allan sólarhringinn má gróflega áætla að kostnaður við rekstur þeirra (öryggisvarsla o.fl.) aukist um a.m.k. 15 m.kr. á ári. Inni í þeirri áætlun eru ekki útköll v/óviðkomandi umferðar í bílahúsunum.

f.h. skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar  
Þorsteinn R. Hermannsson  
Samgöngustjóri

